13. janúar 2015

Atvinnuveganefnd Alþingis

Jón Gunnarsson formaður

Efni: Frumvarp til laga um Haf- og vatnarannsóknir – sameining stofnana

Landssamband smábátaeigenda styður meginefni frumvarpsins – að sameinaðar verði tvær stofnanir – Hafrannsóknastofnun og Veiðimálastofnun.

LS leggur áherslu á að við sameiningu verði til ný stofnun sem byggist á grunni þeirra tveggja sem lagðar verða niður. Þar er átt við að sá gagnagrunnur og vísindastarf sem stofnanirnar eiga flytjist með mannauði þeirra til hinnar nýju stofnunar og myndi undirstöður hennar. Mikilvægt er að heiti hinnar nýju stofnunar minni í engu á heiti þeirra sem lagðar verða niður. Einnig að deildarskipting hinnar nýju stofnunar veki ekki upp tilfinningar um að önnur stofnunin hafi tekið hina yfir. Þá telur LS að farsælast sé að höfuðstöðvar og meginhluti starfseminnar verði öll á sama stað – í Sjávarútvegshúsinu að Skúlagötu 4.

Athugasemdir við einstaka greinar

5. gr. Bætt verði við eftirfarandi tl. um hlutverk stofnunarinnar:

Að eiga og reka skip til rannsókna á hafsvæðinu við Ísland.

Virðingarfyllst

Halldór Ármannsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is